

Grunur leikur á að barn verði fyrir einelti

Málið er tilkynnt beint til umsjónarkennara og deildarstjóra á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu . Sjá [hér](#).

Deildarstjóri metur umfang málsins í samráði við umsjónarkennara og lausnateymi. Aflað er upplýsinga hjá öllum málsaðilum, þ.e. nemendum, starfsfólki og forsjáraðilum.

Ábyrgð deildarstjóra og lausnateymis

Viðtöl við nemendur einstaklingslega og/eða í hópum.

Safna upplýsingum frá starfsfólki og kennurum.

Tengslakönnun.

Skrá allar aðgerðir og gæta trúnaðar.

Upplýsa forráðamenn samtímis.

Góð samvinna við forráðamenn.

Ábyrgð umsjónarkennara

Leita ráða og stuðnings eftir því sem þurfa þykir hjá lausnateymi og sérfræðingum skólans.

Nýta sér verkfærakistu ÖSE í vinnu með menninguna í hópnum.

Vera til staðar fyrir alla nemendur og málsaðila og gæta hlutleysis.

Ábyrgð foreldra

Góð samvinna við skólann og alla málsaðila.

Sameiginleg ábyrgð heimils og skóla

Skapa og styðja við skólamenningu þar sem einelti og ofbeldi þrífst ekki.

Deildarstjóri metur umfang málsins á ný í samráði við umsjónarkennara og lausnateymi.

Mál leysist í samráði við aðila máls

Ef málið er enn óleyst er málinu vísað til nemendaverndarráðs sem getur falið einum eða fleiri aðilum, innan og/eða utan skólans, að vinna að lausn.

Ef málið er ekki leyst á þessu stigi er leitað ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmönnum hennar. Sé málið tilkynnt kannar barnavernd málið og sér um vinnslu þess.

Mál leysist í samráði við aðila máls